



Upplýsingabréf - janúar 2018

Pátttakendur Íslands á World Scout Jamboree 2019

Hér fyrir neðan eru upplýsingar sem koma fram á kynningum mótsins sem fara fram þessa mánuðina.

Bandalag íslenska skáta fer með fararhóp á 24. Alheimsmót skáta sem verður haldið í Bandaríkjunum sumarið 2019. Nánar tiltekið í Summit – Bectel Reserve í Vestur Virginíu. Fararstjórar eru Jóhanna Björg Másdóttir og Ásgeir R. Guðjónsson ásamt fleiri skátum, fjöldi fararstjóra fer eftir stærð hópsins sem fer á mótið.

Mótið er frá 22. júlí – 2. ágúst 2019, íslenski fararhópurinn áætla að fljúga út 21. júlí og koma heim 5. ágúst 2019. Stefnt er að því að fara beint á mótssvæðið með flugi til Washington og rútufarferð þaðan á mótssvæðið. Eftir mótið er áætlað að fara í hópgingingu í Washington þar sem við ætlum að skoða borgina og hafa gaman.

Pátttakendur eru skátar sem eru fæddir á bilinu 22. júlí 2001 – 21. júlí 2005. Það er því miður ekki hægt að gera undanþágur frá þessum dagsetningum. Þeir sem hafa áhuga á að vera sveitarfóringjar á mótinu verða að vera fæddir fyrir 21. júlí 1999. Þeir sem ætla sem starfsmenn (IST) verða að vera fæddir fyrir 21. júlí 2001.

Hlutverk sveitarfóringja eru margvísleg. Þetta er ábyrgðarhlutverk þar sem sveitarfóringi vinnur í 4 manna teyrum og eru lykilmenn í undirbúningi og stemningu hópsins. Sveitarfóringjar vinna í nánú samstarfi við fararstjórn. Hver flokkur er 9 skátar auk sveitarfóringja. Í hverri sveit eru fjórir flokkar. Undirbúningur fyrir mótið fer mikið fram á Facebook þar sem sveitirnar verða með lokaðar síður til að kynnast og ræða málin. Gert er ráð fyrir því að sveitirnar hittist að minnsta kosti þrisvar sinnum áður en farið er út.

Þeir sem hafa áhuga á að vera sveitarfóringjar eða í fararstjórn eru beðnir um að senda tölvupóst sem fyrst eða fyrir 10. apríl 2018 með upplýsingum um sjálfa/n sig, skátafélag, fyrri verkefni innan skátahreyfingarinnar, atvinna/skóli, aldur, heilsufar, mynd og ástæða umsóknar.

Fjöldi starfsfólks (IST) frá Íslandi á mótinu er fyrirfram ákveðinn. Hlutverk IST eru mjög misjöfn, en hver og einn forgangsraðar þremur hlutverkum sem hann óskar eftir að sinna á mótinu. Þar sem mikill fjöldi IST er á mótinu er ekki hægt að tryggja að unnt sé að verða við þessum óskum. Þeir sem eru forskráðir á mótið fá lista með þeim hlutverkum sem eru í boði. Möguleiki er að óskað sé eftir því að einhverjir fari út á undan hópnum vegna hlutverka sinna. Fararstjórn áætla að skoða ferðatillögur IST hópsins þegar ljóst er hverjir verða í hópnum.

Mótsvæðið er sérstaklega byggt af Boy Scout of America til að halda stórmót. Áhersla svæðisins er útivera og sjálfbærni og er svæðið útbúið með það að leiðarljósi. Á alheimsmót skáta koma ca 45.000 manns frá ólíkum menningarheimum til þess að kynnast nýrri menningu, afþreyingu og fólki.

Kostnaður vegna mótsins fyrir IST er 440.000 kr og 370.000 kr fyrir sveitarförlingja. Verðið er með fyrirvara vegna gengisbreytinga og ferðakostnaðar. Innifalið í verðinu er mótsgjaldið, IST dagskrá, gisting og einkenni íslenska fararhópsins. Eftir mótið verður svo farið til Washington þar sem gisting og afþreying er innifalið. Fullt fæði allan tímann er innifalið, þ.e. á leiðinni frá flugvelli að mótssvæði, allt mótið, ferðir frá mótssvæði, í Washington eftir mót og á leiðinni að flugvelli fyrir heimferð.

Íslenskir skátar þurfa ESTA áritun áður en farið er. ATH. Ef einhverjir íslenskir skátar í hópnum eru LÍKA með ríkisfang frá Írak, Íran, Sýrlandi og Súdan þurfa þeir að sækja um fulla vegabréfsáritun.

Forskráning er hafin á <https://skatar.felog.is>. Hver skáti þarf að vera skráður í skátafélag til að geta tekið þátt í ferðinni. Gert er ráð fyrir að IST staðfesti skráningu í mars/apríl 2018 með því að gera greiðsluáætlun. Staðfestingargjald þarf að greiðast innan mánaðar eftir að umsókn um IST er staðfest af fararstjórn. Útfærslur vegna greiðslna fer alfarið í gegnum skrifstofu Skátamiðstöðvarinnar. Greiðsla sveitarförlingja er í samráði við fararstjórn og Skátamiðstöðina.

Nánari upplýsingar eru uppfærðar jafn óðum á heimasíðu hópsins www.skatamal.is/wsj og á facebooksíðu hópsins: Jamboree 2019 USA - Icelandic contingent. Sjá einnig heimasíðu mótsins: <https://www.2019wsj.org/>

Fararstjórn,
Jóhanna Björg og Ásgeir
jamboree2019@skatar.is

Reykjavík 22. jan. 2018